Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1. Móttaka t-pósts frá Jónsbók		1. Þegar **gæðastjóri** hefur sett skjal í yfirlestrarferli fer sjálfvirkur tölvupóstur (tilkynning úr One) til **ritstjóra.**
2. Samþykkja eða hafna	Jónsbók	2. Smellt er á hlekkinn í t-póstinum. - Ritstjóri þarf að lesa skjalið og ákveða hvort hann vill samþykkja það eða hafna því, hann velur viðeigandi stöðu í vallistanum (´staða´). <u>Ef skjal er samþykkt</u> fær samþykkjandi skjals tilkynningu þar um, sé um samþykkjanda að ræða. - **Samþykkjandi** þarf að lesa skjalið og ákveða hvort hann vill samþykkja það eða hafna því, hann velur viðeigandi stöðu í vallistanum. - <u>Ef skjali er hafnað</u> er hægt að skrifa athugasemdir. Við höfnun sendist skjalið sjálfkrafa til **ritstjóra** sem gerir úrbætur og upplýsir gæðastjóra sem setur samþykktarferlið aftur í gang. - Ef skjal er samþykkt fær ábyrgðamaður skjals tilkynningu þar um.
3. Fullgilding og útgáfa	T-póstur og útgefið skjal	3. **Ábyrgðamaður** samþykkir/fullgildir skjal, **gæðastjóri** fær tilkynningu þar um og gefur það út. Við útgáfu stofnast skjal á ytri gæðavef ef slíkt hefur verið valið í stofnupplýsingum skjals. Ef allir aðilar skjals eru á eitt sáttir um útgáfu þess áður en samþykktarferli lýkur getur gæðastjóri lokað ferlinum og gefið skjalið út. Við fyrstu útgáfu fær skjal útgáfunúmer 1.0. Ef skjali er breytt og það vistað fær það auðkennið 1.1 og svo koll af kolli. Efnislegar breytingar á skjölum eru einnig skráðar af gæðastjóra í OneCrm hluta af frumskjali áður en það er gefið út.
4. Kynning	T-póstur	4. Við fyrstu útgáfu og meiriháttar breytingar á skjali skal **ábyrgðamaður** kynna skjalið fyrir helstu notendum (erindi, samtal, sími eða t-póstur). Gæðastjóri upplýsir ábyrgðarmenn þegar skjöl eru gefin út og minnir á kynningu.
5. Endurskoðun		5. Ábyrgðamaður skjals endurskoðar það að gildistíma loknum eða þegar ástæða þykir til að uppfæra skjalið í samráði við gæðatengil. - Við endurskoðun þarf að byrja á að kanna í athugasemdum skjals hvort breytingatillögur hafi verið gerðar.